

1867.

24. apríl.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgastaðafjalli.

Með bréfi dagsettu 2. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá C. D. Túliníus, kaupmanni á Eskifirði, er, nú sem stendur, hefir þann $\frac{1}{4}$ hluta silfurbergsnámsins í Helgastaðafjalli, sem er eign ríkissjóðsins, á leigu fyrir 100 rd. afgjald á ári; sækir hann um að fá ríkissjóðsins hluta í námanum á leigu í 5 ár enn, talin frá 1. janúarmán. 1868, fyrir 20. rd. afgjald á ári.

Útaf þessu skal yður kunngjört, til þess að þér birtið það, að stjórnarráðinu þykir ísjárvert, einkum vegna þess, hvernig nú er ástatt með fjárhagsmál Íslands, að selja beiðandanum námann á leigu með þeim kjörum, sem hann býður, um svo langan tíma, sem 5 ár; en að stjórnarráðið ekki hefir neitt á móti því eptir atvikum, að Túliníusi sé leigður námurinn um 2 ár, talin frá 1. janúarmán. 1868, fyrir afgjald það, sem nefnt er hér að ofan.

24. apríl.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

Af því að bæði norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu að yðar hyggju, herra amtmaður, nú í vor er meiri hætta búin af, að fjárkláðiinn flytist þar inn, en nokkru sinni fyr, hafið þér farið þess á leit í bréfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á., að stjórnarráðið bjóði stíptamtmanninum yfir Íslandi að gjöra ráðstafanir, eptir samkomulagi við amtmanninn í vesturumdæminu, til þess að settir verði verðir á kostnað allra þriggja amtanna, þar sem bezt þykir við eiga, til þess að reisa skordur við því, að fjárkláðiinn breiðist út frá suðurumdæminu.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að eptir skýrslunum um heilbrigðisástand fjárins í suðurumdæminu virðist stjórnarráðinu